

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 25. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga Veiðimálastofnun (612. mál)

Þótt nefndin hafi ekki óskað eftir umsögn Viðskiptaráðs Íslands um þetta frumvarp vill ráðið gjarnan koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina. Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarpi til laga um fiskrækt, frumvarpi til laga um eldi vatnafiska og frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, en lagafrumvörpum þessum er ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Veiðimálastofnun er ríkisrekin rannsóknarstofnun sem er jafnframt í samkeppni um rannsóknar- og þjónustuverk við ýmiss fyrirtæki á þessu sviði. Í 6. gr. frumvarpsins þar sem segir að Veiðimálastofnun sé heimilt að taka að sér rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði sínu fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi. Í 1. gr. frumvarpsins segir að starfsvið Veiðimálastofnunar sé á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra. Þarna er stofnuninni því falin vægast sagt mjög víðtæk heimild til að stunda samkeppnisstarfsemi. Á sama tíma þurfa samkeppnisaðilar hennar lögum skv. að leita til stofnunarinnar til að fá úttektir, umsagnir, álitsgerðir og leyfi á þessu sviði. Setur það einkaaðila á þessu sviði í mjög ankannalega stöðu gagnvart stofnuninni. Þetta hefur í för með sér óeðlilega mismunun á samkeppnisstöðu, Veiðimálastofnun í hag, enda hefur stofnunin þá í krafti eftirlitshlutverks síns aðgang að viðkvæmum upplýsingum frá samkeppnisaðilum sínum. Ekkert girðir fyrir það í frumvarpinu að stofnunin hagnýti sér þessar upplýsingar í samkeppnisrekstri sínum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði ekki að lögum á þessu þingi, heldur verði málinu frestað og hugað betur að ofangreindum athugasemdum ráðsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson